



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

### 7. FUNDUR Á VORÖNN 2019

FIMMTUDAGINN 11. APRÍL KL. 12:30

#### 1. Bréf til skólaráðs

##### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

##### B. Önnur bréf:

Umsókn um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs – vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Umsókn um að fá að taka annan áfanga í stað frumkvöðlafræði til að geta útskrifast eftir miðönn á næsta skólaári – vísað til áfangastjóra og kennslustjóra í viðskiptagreinum til afgreiðslu.

#### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Lokaballið tókst vel og framlag stjórnar NFFG í skipulaginu var mjög gott og eiga þau hrós skilið. Framundan eru kosningar sem verða haldnar í síðustu kennsluviku annarinnar.

##### Fundinn sátu:

Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltrúi kennara

Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara

Irena Ásdís Óskarsdóttir, forvarnafulltrúi

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi

Viktor Freyr Ómarsson, fulltrúi NFFG